

Skólaráð Nesskóla, 10. fundur 14. desember 2011 kl. 14:30.

Mætt: Marías Ben. Kristjánsson, Jón Guðmundsson, Perla Kolka Leifsdóttir, Anna Margrét Sigurðardóttir, Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Auður Þorgeirsdóttir og fulltrúar nemenda, þau Iveta Krasimirova Kostova og Örnólfur Þór Guðmundsson.

1. Niðurstöður samræmdra prófa.

Skólastjóri kynnti niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk sem lögð voru fyrir í september 2011. Helstu niðurstöður eru þær að skólinn fylgir landsmeðaltali.

2. Fjárhagsáætlun 2012. Umræða fór fram um hana, meðal annars hvort skólaráð

fái að sjá hana áður en hún er samþykkt í bæjarstjórn. Umræða um þennan málaflokk, gagnleg umræða, og voru flestir fundarmenn ósáttir með t.d. fjárhæð sem ætluð er í innanstokksmuni og var samþykkt að Anna Margrét, fulltrúi foreldra, tæki að sér að skrifa bréf til fræðslustjóra og bæjarráðs.

3. Starfsáætlun og starfsreglur. Starfsáætlun og starfsreglur samþykktar. Umræða

spratt upp um hentugan tíma til að halda fund skólaráðsins með samfélaginu, en hann hefur ekki verið haldinn undanfarin 2 ár. Ákveðið að efna til hans 2. febrúar nk. kl. 20:00, og tekur skólastjóri að sér að boða til fundar á Mentor, Perla tekur að sér að opna fundinn. Lilja tekur að sér að senda út fundarefni, og fulltrúar nemenda taka að sér að kynna samnemendum.

4. Bréf frá Umboðsmanni barna. Bréfið kynnt og stefnt að því að kynna nemendafélaginu í janúar.

Komið var á framfæri þökkum til Foreldrafélagsins, en það gaf skólanum plöstudunartíma og tímavaka.

Fundi slitið kl. 16:05.

Fundargerð ritaði Jón Guðmundsson